

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2406  
komudagur 28.4.2008

SFF  
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA  
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 25. apríl 2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Nefndasvið  
150 Reykjavík

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978 (548. mál)**

Samtök fjármálafyrirtækja hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp um breytingu á lögum um stimpilgjald, þar sem lagt er til að skuldabréf og tryggingarbréf sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði einstaklings skuli vera undanþegin stimpilgjaldi samkvæmt lögnum að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

SFF fagna því að stigið sé skref í þá átt að afnema stimpilgjald en samtökin telja ekki nægilega langt gengið með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu. Samtökin vilja koma á framfæri neðangreindum athugasemdum:

Fyrsta skilyrði niðurfellingar stimpilskyldu kemur fram í a-lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Þar segir að skilyrði niðurfellingar skv. 1. mgr. sé að kaupandi viðkomandi fasteignar, og skuldari samkvæmt hinu stimpilfrjálsa skjali, hafi ekki áður verið skráður sem þinglýstur eigandi að fasteign. Annað skilyrði stimpilfrelsis er samkvæmt b-lið sömu málsgreinar að kaupandi fasteignar sé þinglýstur eigandi að a.m.k. 50% eignarhluta í hinni keyptu fasteign. Í frumvarpinu er reynt að koma í veg fyrir misnotkun á skilyrðum fyrir stimpilfrelsi. Ekki er þó hægt að girða fyrir hvaða misnotkun sem er, t.d. má ímynda sér að foreldrar sem hafa áður verið skráðir eigendur að húsnæði kaupi dýrt einbýlishús og skrái það á barn sitt. Einnig ber að skoða hvað átt er við með skilyrðinu að “kaupandi hafi aldrei verið skráður þinglýstur eigandi að fasteign.” Er t.d. næganlegt að hann hafi átt 5% í fasteign áður og því fái hann ekki afnumið stimpilgjaldið vegna fasteignakaupa síðar? SFF telja rétt að stíga þetta skref til fulls og afnema stimpilgjaldið alfarið enda óeðlilegt gjaldtaka miðað við töku almennra þjónustugjalda í stjórnsýslunni sem eiga alltaf að endurspegla kostnaðinn við þjónustuna.

Í 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að sé maki kaupanda og skuldara, eða sambúðaraðili, þegar skráður þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði skuli réttur þess sem uppfyllir skilyrði

greinarinnar aldrei vera meiri en nemur helmingi af annars ákvörðuðu stimpilgjaldi hins stimpilfrjálsa skjals. Í ákvæðinu er ekki gerður greinarmunur á hjúskap og óvígðri sambúð þrátt fyrir að ekki gildi sömu reglur um fjármál hjóna og sambúðarfólks. Samkvæmt hjúskaparlögum skiptir ekki máli hvort hjóna er skráð fyrir þinglýstri eign þegar um hjúskapareign er að ræða. Hjón geta keypt sína fyrstu fasteign saman og ákveðið að annar aðilinn sé skráður 100% eigandi hennar. Við kaup á næstu fasteign geta þau valið að hitt hjónanna sé skráð 100% eigandi fasteignarinnar og fengið allt að helming af annars ákvörðuðu stimpilgjaldi hins stimpilfrjálsa skjals. Framangreind regla getur leitt til mismununar gegnvarp fólki eftir því hvort um er að ræða hjúskap eða sambúð. Þetta ákvæði getur haft þau áhrif að kaupandi íbúðarhúsnæðis og skuldari skráir ekki sambúðarform sitt ef sambýlismaki hans hefur verið fasteignareigandi. Við því má búast að fólk reyni að finna leiðir til þess að fara í kringum ákvæðið í því skyni að spara peninga. Hvers vegna á ekki að vera hægt að nýta 100% rétt þess sem aldrei hefur átt fasteign þegar um er að ræða einstaklinga í skráðri sambúð?


Samkvæmt c-lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er þriðja skilyrði niðurfellingar stimpilskyldu að sú lánsfjárhæð sem fram kemur í hinu stimpilfrjálsa skjali sé einvörðungu ætluð til fjármögnunar kaupa á viðkomandi fasteign. Þá er gert ráð fyrir því í 6. mgr. 1. gr. frumvarpsins að þeir aðilar sem hafa á hendi stimplun skjala skuli kanna, við ákvörðun um stimpilgjald skuldabréfs eða tryggingarbréfs sem tryggt er með veði og gefið út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði, hvort skilyrði þessarar greinar um niðurfellingu stimpilgjalds, að hluta til eða að fullu, séu uppfyllt. Spyrja má að því hver eigi að fylgjast með þessu og hver beri ábyrgð á því að eftir þessu sé farið. Í 13. gr. laga um stimpilgjald kemur fram að "Þeir sem hafa á hendi stimplun skjala skulu gæta þess að hin stimpilskylda fjárhæð hvers skjals sé rétt tilgreind og geta krafist allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra er stimplunar beiðast." Í þessari grein felst ekki rannsóknarskylda af hálfu fjármálafyrirtækja heldur heimild til að óska skýringa á því t.d. af hverju viðkomandi ætti ekki að greiða stimpilgjald. Gætu sumir ályktað að verið sé að ganga lengra með frumvarpinu og leggja þá skyldu á fjármálafyrirtæki, sem stimpla sjálf veðskuldabréf og tryggingarbréf, að kanna hvort hvort framangreind skilyrði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins fyrir niðurfellingu stimpilgjalds séu uppfyllt. Slíkt fæli í sér aukinn kostnað og töluverða vinnu sem vandséð er með hvaða hætti fjármálafyrirtæki gætu innt af hendi, t.d. að því er varðar eftirlit með því hvort íbúðarhúsnæði sé til eigin nota eða ekki eða hvort lánsfjárhæð sé einvörðungu til fjármögnunar á viðkomandi fasteign.

Að mati SFF á að vera alveg skýrt að eftirlit með því hvort skilyrði fyrir niðurfellingu stimpilgjalds séu uppfyllt sé í höndum ríkisins líkt og eftirlit með öðrum skattgreiðslum. Líklega væri einfaldast að afnema stimpilgjald af fyrstu eign í tengslum við skattframtal, þ.e. að allir sem kaupi fyrstu eign sína borgi stimpilgjaldið, en svo sjái skattyfirvöld um endurgreiðslur til einstaklinga, enda séu skilyrðin fyrir niðurfellingu uppfyllt að öðru leyti.

Að lokum ítreka SFF það sjónarmið að rétt sé að afnema stimpilgjald í núverandi mynd, ekki einungis vegna kaupa á fyrsta íbúðarhúsnæði einstaklings. Samtökin leggja til að stimpilgjöld af útgáfu og viðskiptum með viðskiptabréf verði felld brott. Í því sambandi er vísað til samkeppnishæfni Íslands og alþjóðlegra áherslna á hlutleysi fjármagnsskatta. Stimpilgjöld hafa tilhneigingu til að leggjast oft á sama skattandlagið og þau ganga gegn almennum jafnræðissjónarmiðum. Afnám stimpilgjalds af viðskiptabréfum myndi auka réttaröryggi og fækka ýmiss konar „æfingum“ sem menn stunda í því skyni að komast hjá greiðslu stimpilgjalds. Stimpilgjaldskrafan veldur því m.a. að einstaklingar sækja mjög mikið í „einfaldari“ lánsform, eins og yfirdrátt – sem er hins vegar almennt á hærri vöxtum enda aukin áhætta sem því fylgir fyrir lánveitanda að lána „án tryggingar“. Ef stimpilgjöld af

skuldabréfum almennt yrðu afnumin er líklegt að a.m.k. hluti af yfirdráttarlánum færðist yfir í hefðbundin skuldabréfalán.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.